

06. Nóv. 2009

ERINDISBRÉF

Efni: Samningahópur um utanríkisviðskipta-, utanríkis- og öryggismál

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (ESB) sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samningahóp um utanríkisviðskipta-, utanríkis- og öryggismál.

Hlutverk samningahópsins er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 30 (Utanríkisviðskipti og þróunarsamvinna) og kafla 31 (Utanríkis-, öryggis- og varnarmál). Í því felst einkum innri greining regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginleg greining með ESB, undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Hópurinn fjallar um utanríkisviðskiptastefnu ESB. Evrópusambandsríkin telja samtals um 500 milljónir manna og eru eitt stærsta markaðssvæði í heimi. Evrópusambandsríkin eru samanlagt stærsti útflytjandi vöru og þjónustu í veröldinni og búa yfir víðfeðmu neti viðskiptasamninga sem opna aðildarríkjum dyr fyrir útflutning inn á nýja markaði. Við mótun samningsafstöðu skal hópurinn greina útflutning íslenskra fyrirtækja eftir svæðum og bera saman viðskiptasamninganet EFTA og ESB með tilliti til hagsmuna Íslands.

Samkvæmt álit meirihluta utanríkismálanefndar (137. lögjafarþing, þingskjal 249) er gerð grein fyrir þróun sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB, fjallað um markmið ESB á sviði þróunarsamvinnu og fjallað um áform ESB um stofnun sameiginlegs viðbragðsliðs til að bregðast við óvæntum aðstæðum í öryggismálum. Nefndin fjallaði m.a. um:

- Að áhersla verði lögð á að Ísland verði áfram herlaust land og friðsamt;
- að tryggt verði að Ísland haldi skilyrðislausu forræði sínu yfir öryggis- og varnarmálum og taki sjálft ákvörðun um það að hve miklu leyti Ísland taki þátt í samstarfi ESB á sviði utanríkis- og öryggismála;
- að herskylda verði ekki tekin upp á Íslandi;
- að Ísland eigi að kjósa að standa utan þátttöku í Evrópsku varnarmálastofnuninni enda þátttaka í henni valkvæð og
- að áherslur og markmið Íslands í þróunarsamvinnu falli að stefnu og markmiðum ESB.

Að öðru leyti er vísað til álitsins, en hópurinn skal í starfi sínu leggja þau sjónarmið sem þar koma fram til grundvallar og gæta hagsmuna þjóðarinnar í hvívetna.

Samningahópurinn er skipaður embættismönnum og öðrum starfsmönnum stjórnkerfisins.

Formaður stýrir starfi hópsins og skiptir verkum eftir því sem þörf er talin á.

María Erla Marelsdóttir hefur verið skipuð formaður samningahópsins, en auk hennar munu m.a. fulltrúar frá eftirtöldum ráðuneytum og stofnunum eiga sæti í hópnum: Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, forsætisráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti og Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Samningahópnum er falið að eiga samráð við fulltrúa félagasamtaka og hagsmunaaðila eftir því sem viðfangsefni hópsins kalla á.

Samningahópurinn mun, eftir því sem þurfa þykir og að fengnu samþykki aðalsamningamanns, leita til háskólastofnana og innlendra og erlendra sérfræðinga sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum hópsins, s.s. málefnum norðurslóða og alþjóðlegum öryggismálum.